

Stjórn Skipta hf.
Bt. Sigríðar Hrólfsdóttur
Formanns stjórnar

Með vísan til ákvæða 15.2 sbr. og 15.4. í samþykktum félagsins sbr. auglýsingu stjórnar um aðalfund Skipta hf. frá 31. mars 2015, leggur Gildi-lífeyrissjóður, sem hluthafi í félaginu, fram eftirfarandi tillögur á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður 16. apríl 2015.

Fyrsta tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er tillaga til breytinga á ákvæðum greinar 9.1 samþykkt félagsins.
Tillagan er svohljóðandi:

Við grein 9.1 í samþykktum félagsins bætist eftirfarandi setning:

„Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Ákvæði greinar 9.1 í samþykktum félagsins hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft. Hluti getur félagið aðeins eignast samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn og má ekki veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 18 mánaða hverju sinni. Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Greinargerð með tillögu:

Tillaga Gildis-lífeyrissjóðs kveður á um að veiti hluthafafundur stjórn heimild til kaupa á eigin hlutum, þá verði slíkrar heimildar sérstaklega getið í samþykktum. Tillagan er gerð til að bæta gegnsæi samþykkt varðandi útgefið hlutafé - og heimildir til að hafa áhrif á útistandandi hlutafé félagsins.

Tilgreining samþykkt á veittri heimild hluthafafundar til stjórnar til kaupa á eigin hlutum er mikilvæg fyrir hluthafa og aðra fjárfesta, s.s. vegna upplýsinga um umfang slíkra heimilda, tilgang þeirra og verðlagningu.

Þá hafa kaup á eigin hlutum áhrif á atkvæðavægi eignarhluta m.t.t. útgefins hlutafjár annars vegar og útistandandi hlutafjár hins vegar, sem og e.t.v. verðmæti hluta, s.s. ef kaup eru hluti af endurkaupaáætlun.

Skýr tilgreining og afmörkun á heimildum stjórnar til kaupa á eigin hlutum í samþykktum auðveldar hluthöfum og öðrum fjárfestum að gera sér grein fyrir heimildum stjórnar til að hafa áhrif á útistandandi hlutafé.

Önnur tillaga Gildis lífeyrissjóðs er tillaga til breytinga á ákvæðum greinar 15.1 í samþykktum félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

Á ákvæði 2. málsl. greinar 15.1 í samþykktum félagsins verði eftirfarandi breytingar:

Á eftir orðunum „...svo og ársreikningur...” komi orðin „...og skýrsla stjórnar...”.

Á eftir orðunum „...og skýrsla endurskoðanda...” komi orðin „...auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu...”.

Grein 15.1 í samþykktum félagsins hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund nema boðunarfrestur sé skemmri samkvæmt grein 12.4) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda auk tillagna stjórnar um starfskjarastefnu, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.”

Greinargerð með tillögu:

Sérstök tilgreining á skýrslu stjórnar og tillögum stjórnar um starfskjarastefnu sem hluta af þeim gögnum sem stjórn ber að leggja fram tímanlega fyrir aðalfund er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 88. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Ákvæði gildandi samþykktar er því ekki að öllu leyti í samræmi við tilvitnað lagaákvæði þar sem skilyrði um framlagningu tillagna stjórnar um starfskjarastefnu hefur ekki verið fært inn í samþykktirnar.

Gildi-lífeyrissjóður leggur ríka áherslu á gegnsæi og aðkomu hluthafa að efnislegri umfjöllun um málefni aðalfunda, sér í lagi varðandi starfskjarastefnur. Vissulega gilda ákvæði laganna um framlagningu skýrslu stjórnar og tillagna hennar um starfskjarastefnur, burtséð frá upptalningu samþykktar um sama efni.

Gildi-lífeyrissjóður telur hins vegar að með breytingunni verði skýrslu stjórnar og ekki síður tillögum stjórnar um starfskjarastefnu markaður sýnilegur staður og betra gegnsæi í samþykktum félagsins samhliða dagskrá, tillögum stjórnar, skýrslu endurskoðanda og ársreikningi. Framangreind tillaga leggur því til skýra og sérstaka tilgreiningu á þeim upplýsingum sem hluthafar eiga rétt á frá stjórn fyrir aðalfundi.

- - - - -

Þriðja tillaga Gildis-lífeyrissjóðs er breytingartillaga við framlagða tillögu stjórnar Skipta skv. 10. dagskrárlið aðalfundarins - um starfskjarastefnu félagsins. Breytingartillagan er svohljóðandi:

Við ákvæði 4 gr. í tillögum um starfskjarastefnu bætist ný málsgrein sem verði svohljóðandi:

„Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.”

Ákvæði 4. gr. hljóði því svo að lokinni breytingu:

„Stjórnin hefur tilnefnt sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjör æðstu stjórnenda og fyrirkomulag á hvatningakerfi og hlutabréfa-

valréttarkerfum. Starfskjaranefndin upplýsir stjórnina reglulega um störf sín og gerir þær tillögur sem hún telur nauðsynlegar eða viðeigandi.

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins og starfskjaranefnd um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra starfskjara eða annars konar umbunar sem tengd er þróun verðs á hlutabréfum í félaginu og styðja við rekstrar- og árangursmarkmið félagsins til langs tíma. Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.“

Greinargerð með tillögu:

Með framangreindri breytingartillögu er lagt til að hluthafafundur hafi beina aðkomu að efnislegri umræðu um og samþykki helstu ákvæði varðandi kauprétti og önnur hlutabréfatengd réttindi, m.a. „við hvaða aðstæður og innan hvaða ramma“ slík réttindi eru lögð til, sbr. ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 79. gr. a í hlutafélagalögum nr. 2/1995. Heimild stjórnar til útgáfu kaupréttar og annarra hlutabréfatengdra réttinda er því ekki aðeins bundin við að forstjóri hafi lagt fram slíka tillögu fyrir stjórn félagsins og starfskjaranefnd heldur verði einnig aflað samþykkis hluthafafundar fyrir helstu ákvæðum varðandi kauprétti og önnur hlutabréfatengd réttindi.

Til upprifjunar má benda á að ákvæði 79. gr. a í lögum um hlutafélög, sem kveður á um samþykki hluthafa á tilteknum ákvörðunum sem annars væru á færri stjórnar að taka ákvörðun um. Slík ákvæði sem hluthafafundur hefur samþykkt eru jafnframt bindandi fyrir stjórn á meðan ákvæði um aðrar árangurstengdar greiðslur eru leiðbeinandi. Um ákvarðanir hluthafafunda vegna hlutabréfatengdra réttinda gilda því strangari reglur og aukin hluthafavernd heldur en um ákvarðanir hluthafafunda vegna annarra árangurstengdra greiðslna.

Með þessu fyrirkomulagi hefur löggjafinn kallað eftir aukinni aðkomu, aðhaldi og ábyrgð hluthafa á ákvarðanatöku um að veita stjórnendum hlutabréfatengd réttindi sem hluta af starfskjörum. Til að geta tekið þátt í slíkri ákvörðun þurfa hluthafar að hafa nauðsynlegar efnislegar forsendur og upplýsingar um ákvörðunina enda væri tilgangslaust að veita stjórn opna heimild til að gefa út kauprétti til stjórnenda. Skilyrði laganna er því að hluthafar taki afstöðu til þess „hvort og þá við hvaða aðstæður og innan hvað ramma heimilt sé að greiða eða umbuna stjórnendum til viðbótar grunnlaunum...“. Hafi hluthafar ekki þessar forsendur við ákvarðanatökuna, heldur veiti almennt umboð til útgáfu kaupréttar, er tilgangi laganna ekki náð um efnislega aðkomu hluthafa að þessum ákvörðunum.

Reykjavík 6. apríl 2015

F.h. Gildis-Lífeyrissjóðs

Árni Guðmundsson
framkvæmdastjóri